

Innflutningur hundasæðis – landaflokkur 2

INNFLUTNINGUR HUNDASÆÐIS FRÁ LANDI Í LANDFLOKKI 2

Eftirfarandi eru leiðbeiningar um innflutning á djúpfrystu hundasæði til Íslands frá viðurkenndum útflutningslöndum sem tilheyra landaflokki 2 (sjá yfirlit á síðu 2).

- Innflutningsleyfi útgefið af MAST skal liggja fyrir áður en hundasæðið er flutt til landsins.
- Innflytjandi ber ábyrgð á að innflutningsskilyrði séu uppfyllt.
- Uppfylla skal **öllum** innflutningsskilyrðin.
- Dýralæknir sem hefur læknisleyfi í útflutningslandi skal framkvæma sæðistöku og allar læknismeðferðir sem uppfylla þarf vegna innflutnings, hvort sem um ræðir bólusetningar, sýnatökur eða heilbrigðisskoðun.
- Eingöngu það **eyðublað (DS2)** sem útgefið er af MAST vegna innflutnings á hundasæði er tekið gilt.
- Útfyllt vottorð ásamt fylgiskjölum skal sent til MAST í síðasta lagi 10 dögum eftir sæðistöku.
- Leiðbeiningar þessar byggja á [reglugerð nr. 935/2004 um innflutning gæludýra og hundasæðis](#), og [reglugerð nr. 202/2020 um breytingar á reglugerð nr. 935/2004](#).

1. Umsókn um innflutningsleyfi - eftirlitsgjald

- Fyrsta skrefið í innflutningsferlinu er að sækja um innflutningsleyfi til Matvælastofnunar og æskilegt er að gera það tímanlega fyrir innflutning. Sótt er um í [þjónustugátt MAST](#). Nota skal rafræn skilríki eða íslykil við innskráningu.
- Upplýsingar um útflutningsland, hundategund og örmerki hunds (sæðisgjafa) skulu liggja fyrir þegar sótt er um innflutningsleyfi. Óheimilt er að flytja inn sæði hunda af eftirtöldum tegundum svo og blendinga af þeim: Pit bull terrier / staffordshire bull terrier, Fila brasileiro, Toso inu, Dogo argentino. Einnig blendinga af úlfum og hundum. MAST getur auk þess hafnað innflutningi annarra tegunda.
- Þegar umsókn hefur borist Matvælastofnun fær umsækjandi reikning í heimabanka vegna eftirlitsgjalds að upphæð kr. 17.784 næstu mánaðarmót. Athugið að hér er um að ræða lágmarksgjald sem miðast við að fullnægjandi gögn séu lögð fram innan viðeigandi tímaramma. Sé svo ekki getur það haft aukinn kostnað í för með sér og innheimt er fyrir slíkt skv. tímagjaldi.
- Innflutningsleyfi gefið út og sent umsækjanda ásamt öðrum nauðsynlegum gögnum. Leyfið gildir í eitt ár.

2. Heilbrigðiskröfur - heilbrigðisvottorð

Mikilvægt er að huga snemma að þeim kröfum sem gerðar eru um bólusetningar, blóðsýni o.fl. þar sem tiltekinn tími þarf að líða frá því að bólusett er og þar til taka má sæði úr hundinum, auk þess sem sýnatökur vegna rannsókna skulu gerðar innan tiltekins tímaramma.

Nota skal vottorðaeýðublað **DS2** (Certificate of health and origin for import of deep-frozen dog semen to Iceland from a rabies free country). Vottorðið skal gefið út af dýralækni í útflutningslandi sem sér um sæðistöku. Allir reitir í hluta (part) 1-9 skulu fylltir út.

- **Part 1: Upplýsingar um innflytjanda hundasæðis.** Samræmi skal vera milli upplýsinga í vottorði og á leyfisbréfi.
- **Part 2: Upplýsingar um sæðisgjafa; búsetuland, örmerkisnúmer, tegund, fæðingardag og nafn.**
- **Part 3: Upplýsingar um hundasæði.**
- **Part 4: Upplýsingar um sendingu, komutíma ofl.** Sendingin skal berast Matvælastofnun, Laugavegi 166, 105 Reykjavík þar sem innflutningsskoðun fer fram fyrir afhendingu sendingarinnar til innflytjanda.
- **Part 5: Yfirlýsing eiganda / umráðamanns hunds (sæðisgjafa) í útflutningslandi.** Undirritun er til staðfestingar þess að hundurinn hafi ekki parast náttúrulega í a.m.k 60 daga fyrir sæðistöku og að hann hafi dvalið í viðurkenndu útflutningslandi í landaflokki 1 eða 2 síðustu 6 mánuði fyrir sæðistöku.
- **Part 6: Bólusetningar**
 - **Hundaæði (rabies): bólusetning og mótefnamæling.** Hundurinn skal hafa gilda bólusetningu gegn hundaæði, þ.e. hafa hlotið viðeigandi grunnbólusetningu og henni viðhaldið skv. leiðbeiningum framleiðanda bóluefnisins. Taka skal blóðsýni vegna mótefnamælingar í fyrsta lagi 30 dögum eftir bólusetningu.

Mótefnamæling skal framkvæmd af [rannsóknarstofu sem viðurkennd er af Evrópusambandinu](#) í þessum tilgangi. Mótefni skulu mælast að lágmarki 0,5 a.e./ml (0,5 IU/ml)

Mótefnamæling með fullnægjandi niðurstöðu þarf að liggja fyrir amk 90 dögum áður en sæðistaka fer fram.

Niðurstaða mótefnamælingar gildir svo lengi sem bólusetningu er viðhaldið skv leiðbeiningum framleiðanda. Rannsóknarniðurstaða skal skráð í heilbrigðis- og upprunavottorð og frumrit rannsóknarskýrslu skal fylgja vottorði.
 - **Hundainfluensa (Canine Influenza).** Sæðisgjafi skal hafa gilda bólusetningu gegn hundainfluensu. Sæðistaka vegna innflutnings má fara fram í fyrsta lagi 14 dögum eftir bólusetningu.
 - **Leptóspírúsýking (leptospirosis).** Sæðisgjafi skal hafa gilda bólusetningu gegn leptóspírúsýkingu. Sæðistaka vegna innflutnings má fara fram í fyrsta lagi 14 dögum eftir bólusetningu.
 - **Hundafár (canine distemper).** Sæðisgjafi skal hafa gilda bólusetningu gegn hundafári. Sæðistaka vegna innflutnings má fara fram í fyrsta lagi 14 dögum eftir bólusetningu.
- **Part 7: Rannsóknir / sýnataka**
 - **Blóðrannsókn vegna brúsellósu (*Brucella canis*):** Í fyrsta lagi 30 sólarhringum fyrir sæðistöku skal taka blóðsýni úr hundinum og það rannsakað m.t.t. *Brucella canis*. Niðurstaða skal vera

neikvæð. Samþykktar rannsóknaraðferðir: IFAT, RSAT, TAT. Neikvæð rannsóknarniðurstaða skal staðfest í heilbrigðis- og upprunavottorð og afrit rannsóknarskýrslu á ensku skal fylgja vottorði.

- **Rannsókn vegna Leishmaniosis (*Leishmania* spp.):** Í fyrsta lagi 30 sólarhringum fyrir sæðistöku skal taka blóðsýni úr hundinum og það rannsakað m.t.t. *Leishmania* spp. Niðurstaða skal vera neikvæð. Samþykktar rannsóknaraðferðir: PCR, ELISA. Neikvæð rannsóknarniðurstaða skal staðfest í heilbrigðis- og upprunavottorð og afrit rannsóknarskýrslu skal fylgja vottorði.

Yfirlit yfir bólusetningar og sýnatökur vegna innflutnings á hundasæði

Bólusetning / sýnataka		Athugasemd
Hundaæði/rabies	Bólusetja í síðasta lagi 45 dögum fyrir sæðistöku	Blóðsýni í fyrsta lagi 30 d. eftir bólusetningu. Niðurstaða $\geq 0,5$ ae/ml
Hundainflúensa (canine influenza)	Síðasta bólusetning í síðasta lagi 14 dögum fyrir sæðistöku	Bólusetja þarf tvisvar sinnum með þriggja vikna millibili
Leptospirosis	Síðasta bólusetning í síðasta lagi 14 dögum fyrir sæðistöku	Bólusetja þarf a.m.k. tvisvar sinnum með 2-4 vikna millibili (grunnbólusetning)
Hundafár (canine distemper)	Síðasta bólusetning í síðasta lagi 14 dögum fyrir sæðistöku	Bólusetja þarf tvisvar sinnum með 3-4 vikna millibili fyrir 16 vikna aldur, fyrir eldri hunda dugar ein bólusetning.
<i>Brucella canis</i>	Sýnataka (blóð) í fyrsta lagi 30 dögum fyrir sæðistöku.	Niðurstaða skal vera neikvæð.
<i>Leishmania</i> spp.	Sýnataka (blóð) í fyrsta lagi 30 dögum fyrir sæðistöku.	Niðurstaða skal vera neikvæð.

- **Part 8 og Part 9: Heilbrigðissskoðun, sæðistaka og undirskrift dýralæknis.** Dýralæknir staðfestir með undirskrift sinni að hundurinn hafi engin einkenni smitsjúkdóms daginn sem sæðistaka fer fram. Auk þess staðfestir hann að örmerkisnúmer allra fylgigagna er í samræmi við örmerkisnúmer hundsins.
- **Part 10 er útfyllt af MAST til staðfestingar á því að innflutningur hafi hlotið for-samþykki.**

3. Flutningur hundasæðis til Íslands og afhending til eiganda

Sæðið skal geymt í innsigliðum höggþéttum umbúðum sem merkt er nafni innflytjanda, heimilisfangi hans og símanúmeri auk örmerkisnúmers sæðisgjafa. Flytja skal sæðið með hraðpósti ásamt frumriti allra tilskilinna vottorða, til Matvælastofnunar, Laugavegi 166, 105 Reykjavík. Í innihaldslýsingu sendingarinnar skal skrifa: Hundasæði (dog semen), tollflokkur 0511.9909.

Innflutningseftirlit; gagna- og auðkennaskoðun er framkvæmd við komu sendingarinnar sem verður svo afhent innflytjanda. Hundasæði sem ekki uppfyllir skilyrði vegna innflutnings verður sent úr landi eða fargað bótalaust og á kostnað innflytjanda.

4. Sæðing með innfluttu sæði - tilkynningarskylda

Einungis dýralæknum með starfsleyfi á Íslandi er heimilt að sæða tíkur með innfluttu sæði. Tíkur sem sæddar hafa verið með innfluttu sæði skal ekki para á sama gangmáli. Dýralæknir sem sæðir tík með innfluttu sæði skal tilkynna um það til Matvælastofnunar. Einnig skal tilkynna til stofnunarinnar ef tíkin lætur eða veikist eftir sæðingu eða á meðgöngu. Fóstur og fylgjur eftir fósturlát skal varðveita og þeim komið til rannsóknar.

5. Landaflokkur 2

Viðauki I við reglugerð nr. 200/2020 um innflutning hunda og katta. Lönd þar sem hundaæði finnst og er tilkynningarskyld og haldið vel í skefjum miðað við þær upplýsingar sem Matvælastofnun hefur tilheyra landaflokki 2:

Bandaríkin, Bosnía, Grænland, Hersegóvina, Kanada, Pólland, Rúmenía, Serbía, Slóvakía, Taívan, Tyrkland, Ungverjaland.

Hætta á hundaæðissmiti er meiri í löndum í landaflokki 2 og því er undirbúningur vegna innflutnings tímafrekari. Allir hundar og kettir skulu bólusettir gegn hundaæði. 30 dögum síðar skal taka blóðprufu og mæla mótefni til að staðfesta að bólusetningin hafi skilað árangri. En þar sem meðgöngutími hundaæðisveirunnar getur verið mjög langur þurfa að líða **90** dagar eftir mótefnamælinguna til þess að ganga úr skugga um að dýrið beri ekki einkenni hundaæðis áður en það er flutt til Íslands. Þessar reglur eru í fullu samræmi við ráðleggingar Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar (OIE) um varnir gegn hundaæði.

Frekari upplýsingar er að finna á www.mast.is

Matvælastofnun - Markaðsmál (inn- og útflutningur) - Dalshrauni 1b, 220 Hafnarfirði - s. 530 4300

Fyrirspurnir eða gögn vegna innflutnings hundasæðis: petimport@mast.is